

1605117

112



## Samningur um stuðning við námsdvöl og leyfi frá störfum

Seðlabanki Íslands, kt. 560269-4129, og Ingibjörg Guðbjartsdóttir, kt. 250880-3409, framkvæmdastjóri gjaldeyriseftirlits Sí, gera með sér eftifarandi samkomulag um stuðning við námsdvöl Ingibjargar vegna náms við Harvard University, 2016 – 2017.

Stuðningur Sí, til handa Ingibjörgu, felur í sér eftifarandi :

- Heimild til leyfis frá störfum þar til námi lýkur.
- Sí greiðir styrk vegna skólagjalda, bóka- og ferðakostnaðar, 4 milljónir 2016 og 4 milljónir 2017.
- Sí greiðir 60% hlutfall mánaðar launa í tólf mánuði.

Ingibjörg mun láta af störfum tímabundið 1. júlí næstkomandi. Þá tekur við taka orlofs, ótekins og áunnins, til og með 31. ágúst. Frá og með 1. september fær Ingibjörg greidd 60% hlutfall núverandi launa í 12 mánuði, eða til og með 31. ágúst 2017.

Samkomulag er um að réttindaávinnsla, svo sem orlof, desembergreiðsla og orlofsgreiðsla falli niður á launatímabilinu 1. september 2016 – 31. ágúst 2017. Uppgjör áunninna réttinda kemur til útborgunar 1. september 2016. Ákveði bankastjóri að greiða launauppbót til starfsmanna á árinu 2017, skal sama dagsetningarviðmið gilda, þ.e. 1. september 2016 og launauppbót greidd hlutfallslega.

Fari svo að Ingibjörg kjósi að starfa á öðrüm vettvangi að námi loknu og snúi ekki aftur til starfa hjá bankanum, mun bankinn ekki eiga neina endurkröfu vegna ofnagreinds styrks vegna skólagjalda og vegna launa, meðan á námsleyfi stefndur. Ingibjörg mun þá formlega segja starfi sínu lausu með 3ja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 29. apríl 2016

f.h. Seðlabanka Íslands

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

Ingibjörg Guðbjartsdóttir  
framkvæmdastjóri gjaldeyriseftirlits